



Reykjavík, 17. desember 2018

R18090104

647

HBL/lss

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Fyrirhuguð nýbygging Tækniskólans

Á fundi borgarráðs þann 13. desember 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 11. desember 2018, ásamt fylgiskjöllum:

Forsvarsfólk Tækniskólans vinnur að könnun á staðsetningarkostum varðandi mögulega sameiningu allrar starfsemi skólans á einum stað, sbr. meðfylgjandi erindi. Eftir því sem næst verður komist liggur ekki fyrir formleg afstaða menntamálaráðuneytisins vegna málsins. Í viðræðum borgarstjóra og ráðherra um málefni framhaldsskólanna hefur þó komið fram að unnið verði að heildarmati á húsnæðisþörf á framhaldsskólastigi út frá nemendaspá og þeim breytingum sem stytting framhaldsskólanáms hefur haft í för með sér. Lagt er til að tekið verði jákvætt í hjálagt erindi frá Tækniskólanum um fyrirhugaða nýbyggingu og verði því vísað til umhverfis- og skipulagssviðs og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar að vinna með skólanum að könnun á mögulegum staðsetningarkostum á grundvelli meðfylgjandi umsagnar skipulagsfulltrúa.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Tekið er jákvætt í erindi skólans um að koma að þeirri vinnu að finna staðsetningu fyrir alla starfsemi skólans á einum stað. Afstaða til verkefnisins af hálfu ráðuneytisins liggur þó ekki fyrir. Erindinu er því vísað til umhverfis- og skipulagssviðs og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Samrit:
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Borgarráð

Fyrirhuguð nýbygging Tækniskólans

Forsvarsfólk Tækniskólans vinnur að könnun á staðsetningarkostum varðandi mögulega sameiningu allrar starfsemi skólans á einum stað, sbr. meðfylgjandi erindi. Eftir því sem næst verður komist liggur ekki fyrir formleg afstaða menntamálaráðuneytisins vegna málsins. Í viðræðum borgarstjóra og ráðherra um málefni framhaldsskólanna hefur þó komið fram að unnið verði að heildarmati á húsnæðisþörf á framhaldsskólastigi út frá nemendaspá og þeim breytingum sem stytting framhaldsskólanáms hefur haft í för með sér.

Lagt er til að tekið verði jákvætt í hjálagt erindi frá Tækniskólanum um fyrirhugaða nýbyggingu og verði því vísað til umhverfis- og skipulagssviðs og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar að vinna með skólanum að könnun á mögulegum staðsetningarkostum á grundvelli meðfylgjandi umsagnar skipulagsfulltrúa.

Dagur B. Eggertsson


Hjálagt:
Bréf frá Tækniskólanum, dags. 10. september 2018
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 10. desember 2018

10. september 2018
JBS 1711011

Reykjavíkurborg

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík



Efni: Fyrirhuguð nýbygging Tækniskólans

Stjórn Tækniskólans hefur ákveðið að skoða möguleika á því að byggt verði nýtt skólahús á Reykjavíkursvæðinu sem hýsi alla starfsemi skólans á einum stað.

Skipuð hefur verið byggingarnefnd til að taka fyrstu skrefin og leiða málið áfram og kanna möguleika á slíkri framkvæmd.

Í Byggingarnefndinni sitja:

Guðmundur Kristjánsson, formæður stjórnar Tækniskólans - formaður
Hildur Ingvarsdóttir, skólameistari Tækniskólans
Jón E. Stefánsson, fyrrverandi skólameistari - verkefnastjóri nefndarinnar

Stjórn Tækniskólans hefur verið með þetta mál til umfjöllunar síðastliðið ár og réði til starfa verkfræðistofuna EFLU til að annast frumþarfagreiningu og gera grófa kostnaðaráætlun nýbyggingar og kostnaðarmat á núverandi húsnæði.

Tækniskólinn er í dag starfræktur í 10 aðskildum húsum á 4 stöðum í Reykjavík og í Hafnarfirði, er með um 250 starfsmenn og um 2500 nemendur

Stjórnendur og stjórn skólans ásamt fulltrúum Verkfræðistofunnar EFLU ehf heimsóttu á síðasta ári skóla í þremur löndum þar sem skólastarfið er af sama toga og hjá Tækniskólanum og skólarnir eru í nýjum skólahúsum sem byggð voru fyrir starfsemi skólanna.

Byggt á ofangreindu hafa verið mótaðar frumforsendur nýrrar byggingar sem eru m.a eftirlarandi.

- **Byggt verði nýtt skólahúsnæði Tækniskólans sem rými alla starfsemi skólans á einum stað**
 - Húsið verði staðsett á Reykjavíkursvæðinu – sem næst miðju svæðisins
 - Staðsetning skólahúsnæðisins verði vel tengd við leiðarkerfi almennings samgangna og umferðakerfi.

- **”Skólastræti” – lifandi gata**
 - Yfirbyggð göngugata myndi hjarta eða slagæð skólans
 - Skólum Tækniskólans raðað umhverfis Skólastrætið
 - Skipulag og hönnun aðlöguð að starfsemi einstakra skóla
 - Vinnusalir og kennslurými verði sýnileg
 - Íþróttasalir og útisvæði fyrir hreyfingu
 - Stál – gler, steinsteypa, viður og límtré verði ráðandi byggingarefni
 - Auðvelt verði að breyta rýmum, aðlaga og breyta innviðum í takt við þróun og vinnuaðferða við námið.
 - Möguleiki sé á að aðrir skólar geti staðið við strætið
- **Stæðir nýrrar skólabyggingar ásamt aðliggjandi starfssvæðum**
 - Áætluð stærð nýs skólahúss u.þ.b 30 þús m²
 - Byggt verði á tveim til þremur hæðum
 - Áætlað hagræði í rými er um 30% m.v núverandi húsnæði Tækniskólans
 - Gera þarf ráð fyrir lóð sem rými framangreint auk rúmgóðs bílasvæðis neðanjarðar og eða í bílastæðahúsi og athafnarsvæðis
 - Gera þarf ráð fyrir að til framtíðar verði hægt að reisa nemendagarða við eða í nágrenni nýs skóla.
- **Nemenda og starfsmannafjöldi**
 - Áætlaður nemendafjöldi um 3000 með möguleika á fjölgun í 5000 með auknum húsakosti
 - Áætlaður starfsmannafjöldi starfsmenn 300+

Stjórn Tækniskólans lítur svo á að nýbygging fyrir skólann verði veruleg lyftistöng fyrir starfs- og iðnnám í landinu en langt er um liðið síðan reist hefur verið skólahúsnæði sérhannað fyrir samtvinningu starfs-, iðn- og bóknáms með þeim hætt sem íhugað er.

Byggingarnefnd óskað er eftir fundi með þér til þess að fara yfir og kynna áform Tækniskólans og ræða hvort og hvernig Reykjavíkurborg getur aðstoðað skólann með lóðaúthlutun og annarri fyrirgreiðslu varðandi fyrirhugaða framkvæmd.

Óskað er eftir fundi sem fyrst.

Virðingarfyllst,



Guðmundur Kristjánsson
Formaður byggingarnefndar Tækniskólans



Jón B. Stefánsson
Verkefnastjóri nýbyggingar

mánudagur, 10. desember 2018

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Bréf Tækniskólans dags. 10.sept 2018 um mögulega lóðaúthlutun og aðra fyrirgreiðslu fyrir nýbyggingu Tækniskólans innan marka Reykjavíkur.

Í bréfi Tækniskólans kemur fram að skólinn sé að skoða nýbyggingu sem rúmi alla starfsemi skólans á einum stað á Reykjavíkursvæðinu næst miðju borgarinnar og staðsetningin verði vel tengd leiðarkerfi almennings samgangna og umferðarkerfum. Skólinn sér fyrir sér að mannvirkid samanstandi m.a. af yfirbyggðu „skólastræti“ sem skólar Tækniskólans raði sér í kringum. Stærð skólans yrði í kringum 30 þ.f.m á 2-3 hæðum og gera þurfi ráð fyrir lóð sem ásamt skólabyggingu rúmi bílastæði neðanjarðar og/eða bílastæðahúsi ásamt athafnasvæðis. Gera þurfi ráð fyrir því að reisa megi nemendagarða við eða í nágrenni nýs skóla og áætlaður nemandafjöldi yrði um 3000 með möguleika á fjölgun í 5000 með auknum húsakosti. Starfsmenn verði um og yfir 300 talsins.

Umsögn:

Ekki kemur fram hver stærð lóðar fyrirhugðrar nýbyggingar yrði en til samanburðar þá er Háskólinn í Reykjavík sem er í dag um 30 þ.f.m. á um 45 þ.f.m. lóð að undanskyldum meginþorra þeirra bílastæða sem nú eru á svæðinu ofanjarðar.

Ef horft er til frumþarfagreiningu Tækniskólans hvað varðar staðsetningu skólans innan marka Reykjavíkur þá koma tveir nokkuð ákjósanlegir valkostir til greina sem uppfylla þau skilyrði sem skólinn setur hvað varðar staðarval. Hér er horft til tveggja stærstu framtíðar uppbyggingarsvæða borgarinnar sem fram koma í Aðalskipulagsi Reykjavíkur 2010-2030 þ.e. Vatnsmýri og Ártúnshöfði, Elliðaárvogur. Fyrirhuguð borgarlína liggur um bæði svæðin og miðað við stærð og umfang, eðlilegt að gera ráð fyrir að nýr skóli á háskólastigi tengist þeim leiðum með beinum hætti.

Vatnsmýri hefur það umfram Elliðaárvog, Ártúnsholt að bjóða upp mikla samþættingarmöguleika við aðra starfsemi á svæðinu s.s. við HÍ og HR, Vísindagarða og LSH og yrði í samræmi við stefnu aðalskipulagsins um að Vatnsmýrarsvæðið þróist m.a. sem miðstöð háskóla, vísinda, rannsókna og hátækni. Elliðaárvogur, Ártúnshöfði hefur það þó umfram Vatnsmýri að styðja mun betur við markmið aðalskipulagsins um að jafna dreifingu íbúða og starfa í borginni þ.e. að auka hlutdeild atvinnu- og þjónustu í austurhluta borgarinnar.

Ljóst er að nýr tækniskóli myndi styðja ágætlega við báða valkosti en færa má rök fyrir því að jákvæð áhrif skólans gætu orðið etv. meiri á heildina litið í Elliðaárvogi, Ártúnshöfða þar sem nú stendur yfir skipulagsvinna fyrir um 6-7 þ.íbúðir. Skólinn yrði jafnframt veruleg lyftistöng fyrir miðkjarna þess svæðis, Krossamýrartorg sem borgarlínukjarna og endapunktur fyrsta áfanga borgarlínu eins og áætlanir gera ráð fyrir. Rýmisþörf skólans er þó umtalsverð og ljóst að mannvirki og lóð kalla á nokkuð niðurrif á eldra húsnæði í Elliðaárvogi, Ártúnshöfða og ætla má að staðsetning í Vatnsmýri kalli á breytingar á afmörkun flugvallarsvæðisins að einhverju leyti.

Það er mat undirritaðs að báðar staðsetningar séu áhugaverður valkostur fyrir heildarskipulag, framtíðarþróun og uppbyggingu í borginni og með hliðsjón af þungamiðjum byggðar í austur og vestur hluta borgarinnar og vert sé að greina þá frekar og út frá þarfagreiningu fyrir Tækniskólann og í samstarfi við hann.

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi



Núverandi stærðir:	
Lóð 33:	
Núverandi áætlað byggingarmagn:	16200 m ²
Grunnflötur byggingarreits:	3830 m ²
Stærð lóðar:	5450 m ²
Nýtingarhlutfall:	3,81
Núverandi áætlað byggingarmagn:	
Lóð 27:	3140 m ²
Lóð 28:	4220 m ²
Lóð 34:	8400 m ²
Áætlað b.magn á lóðum 27, 28, 33 og 34	31960 m ²



Ný sameinuð lóð:
Stærð lóðar: 15300 m²

P hús

Krossmýratorg
T.C.g

Ný sameinuð lóð

Varðar: Tækniskólinn (fsp)

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. janúar 2019 var lagt fram bréf borgarstjóra dags. 17. desember 2018 vegna samþykktar borgarráðs frá 13. desember 2018 á tillögu borgarstjóra dags. 11. desember 2018 um fyrirhugaða nýbyggingu Tækniskólans.

Í bréfi borgarstjóra segir m.a:


Forsvarsfólk Tækniskólans vinnur að könnun á staðsetningarkostum varðandi mögulega sameiningu allrar starfsemi skólans á einum stað, sbr. meðfylgjandi erindi. Eftir því sem næst verður komist liggur ekki fyrir formleg afstaða menntamálaráðuneytisins vegna málsins. Í viðræðum borgarstjóra og ráðherra um málefni framhaldsskólanna hefur þó komið fram að unnið verði að heildarmati á húsnæðisþörf á framhaldsskólastigi út frá nemendaspá og þeim breytingum sem stytting framhaldsskólanáms hefur haft í för með sér. Lagt er til að tekið verði jákvætt í hjálagð erindi frá Tækniskólanum um fyrirhugaða nýbyggingu og verði því vísað til umhverfis- og skipulagssviðs og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar að vinna með skólanum að könnun á mögulegum staðsetningarkostum á grundvelli meðfylgjandi umsagnar skipulagsfulltrúa.

Umsögn:

Embætti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur hafði áður ritað minnisblað dags. 10. desember 2018 vegna bréfs Tækniskólans dags. 10 september 2018 um frumþarfagreiningu fyrir nýbyggingu sameinaðs Tækniskóla. Í bréfi skipulagsfulltrúa voru tvö svæði reifuð sem æskileg staðsetning fyrir skólann, annarsvegar Vatnsmýri og hins vegar Ártúnshöfði. Fyrirhuguð Borgarlína liggur um bæði svæðin og miðað við stærð og umfangs nýs skóla væri eðlilegt að gera ráð fyrir staðsetningu hans við Borgarlínu. Var það mat skipulagsfulltrúa að staðsetning skólans á Ártúnshöfði myndi styðja betur við markmið aðalskipulags um að jafna dreifingu íbúða og starfa í borginni, þ.e. að auka hlutdeild atvinnu og þjónustu í austurhluta borgarinnar.

Skipulagsleg staða:

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er Ártúnshöfða skipt í mismunandi landnotkunarsvæði: íbúðarsvæðin Elliðaárvogur I og Elliðaárvogur II, miðsvæði M4a og athafnasvæði AT1.



Hluti þéttbýlisuppráttar Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030


Ártúnshöfði liggur meðfram þróunarsnum Örfirisey-Keldur. Í aðalskipulagi koma fram eftirfarandi markmið um uppbyggingu og þróun borgarinnar meðfram ásnum:

- Skapa heildstæða samgöngutengingu milli miðborgar og lykilþróunarsvæða í austri og vestri, með áherslu á vistvænar samgöngur.
- Endurhanna, eins og kostur er, núverandi götur á ásnum sem vistvænar borgargötur (Mýrargata, Tryggvagata, Hverfisgata, Laugavegur, Suðurlandsbraut, Stórhöfði).

- Skilgreina markvisst uppbyggingarmöguleika meðfram ásnum (svæði innan 200 m frá strætisvagnleið). Skipuleggja mestan þéttleika byggðar í næsta nágrenni við lykilbiðstöðvar strætisvagna. Kröfur um bílastæði á einstökum þéttingarreitum miðist við þjónustustig almenningssamgangna.
- Tryggja forgang strætisvagna með sérakreinum (leið léttlesta í framtíðinni) og samfelldar hjóla- og gönguleiðir.
- Þróun uppbyggingar á ásnum og endurbætur gatnaumhverfis er langtímaverkefni sem miðar að því að þróa miðborgarstarfsemi til austurs.

Rammaskipulag – lýsing – deiliskipulag

Þann 11.1.2017 var samþykkt rammaskipulag fyrir Elliðaárvog – Ártúnshöfða. Að því verkefni vann þverfaglegt teymi í framhaldi af hugmyndasamkeppni sem haldin var 2014-2015. Vinninghafar samkeppninnar voru: Arkís arkitektar, Landslag og Verkís og unnu þeir tillögu að rammaskipulagi svæðisins. Í rammaskipulagi er gert ráð fyrir uppbyggingu yfir 4.000 íbúða auk yfir 100.000 m² af atvinnuhúsnæði. Borgarlína fer í gegnum miðju svæðisins og tengist yfir í Vogabyggð til vesturs. Byggðin er þéttust nær Borgarlínu en grisjast eftir því sem fjær dregur.



Svæðaskipting skv. rammaskipulaginu.

Lýsing fyrir deiliskipulag svæðisins var samþykkt til kynningar og umsagnar 13. desember 2017. Síðan þá hefur deiliskipulagsvinna fyrir svæðið staðið yfir ásamt ítarlegri rannsóknar- og greiningarvinnu á samgöngum, blágrænum ofanvatnslausum o.fl. Stefnt er að því að fyrstu deiliskipulagssvæði fyrir Ártúnshöfða fari í auglýsingu í byrjun árs 2020.

Embætti skipulagsfulltrúa fékk ráðgjafa sem vinna að deiliskipulagstillögu Ártúnshöfða til að rýna möguleika á lóð fyrir Tækniskólann. Sú frumrýni leiddi í ljós að tækifæri væru til staðar fyrir um 15.300m² lóð innan marka rammaskipulagsins sem gæti orðið nokkuð stærri ef mörk rammaskipulags eru endurskoðuð. Tillaga að deiliskipulagi Ártúnshöfða gerir almennt ráð fyrir meðal nýtingarhlutfalli um 2.0 og því væri hæglega hægt að gera ráð fyrir um uppbygging 30.000m² byggingar fyrir Tækniskólann, en þar að auki væri hægt að skoða uppbyggingu námsmannaíbúða við skólann og samnýtingu bílastæða í kjallara og/eða bílastæðahúsi með aðliggjandi byggingarreitum.

Borgarlína

Undirritun samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu Borgarlínu liggur nú fyrir en í fyrsta áfanga, sem á að byggjast upp á árunum 2021 – 2023, er gert ráð fyrir uppbyggingu Borgarlínu milli Hlemms og Ártúns. Fyrstu hugmyndir að breyttu leiðarkerfi Strætó með hliðsjón af uppbyggingu Borgarlínu hafa verið kynnt fyrir sveitarfélögum og almenning, en skv. fyrstu hugmyndum munu þrjár stofnleiðir Borgarlínu liggja um Ártúnshöfða, auk almennra leiða Strætó. Stofnanir, fyrirtæki og önnur þjónusta sem verða staðsett við Ártúnshöfða munu því geta boðið upp á mjög hátt þjónustustig við almenningssamgöngur.



Niðurstaða:

Það er álit embættis skipulagsfulltrúa að staðsetning sameinaðs Tækniskóla á Ártúnshöfða, einu helsta þróunarsvæði borgarinnar, myndi skapa feiknarlega spennandi tækifæri fyrir heildarskipulag og framtíðarþróun Reykjavíkurborgar. Staðsetningin væri í góðu samræmi við helstu lykilstefnur Aðalskipulags Reykjavíkur 2010 – 2030, einkum ef lítið er til stefnur aðalskipulags um línulega þróun miðborgarinnar til austurs, staðsetningu við Borgarlínu og blöndun á fjölbreyttu mannlífi og mannauð sem fylgdi slíkri starfsemi. Verkefnið gæfi tækifæri til að setja í gang metnaðarfulla skipulags- og arkitektúrsamkeppni um hönnun skólans – sem gæti orðið nýtt sérkenni í borgarmynd og sjónásun borgarinnar.

Skipulagsfulltrúi telur það mjög jákvæða hugmynd að staðsetja Tækniskólann á Ártúnshöfða – það væri lítið til fyrirstöðu að endurskoða afmörkun rammaskipulags Ártúnshöfða með það að markmiði að finna fullnægjandi lóð fyrir skólann, sbr. umsögn hér að ofan.

f.h. **Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur** Jón Kjartan Ágústsson, skipulagsfræðingur, verkefnastjóri